



# Almannavarnir Árnæssýslu

3. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn miðvikudaginn  
13. nóvember 2019 kl: 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

**Mætt:**

Sveitarfélagið Árborg  
Hveragerðisbær  
Grímsnes og Grafningshreppur  
Hrunamannahreppur

Flóahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bláskógabyggð  
Sveitarfélagið Ölfus  
Svæðisstjórn björgunarsveita  
Lögreglan á Suðurlandi  
Lögreglan á Suðurlandi  
Lögreglan á Suðurlandi/ÁÁ  
Rauði krossinn  
Almannavarnir/Brunavarnir Árnæssýslu  
Brunavarnir Árnæssýslu

Sólveig Þorvaldsdóttir  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Ása Valdís Árnadóttir  
Jón G. Valgeirsson og  
Halldóra Hjörleifsdóttir  
Eydís Indriðadóttir og  
Árni Eiríksson  
Kristófer A. Tómasson og  
Björgvin Skafti Bjarnason  
Ásta Stefánsdóttir  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Gunnar Ingi Widnes Friðriksson  
Kjartan Þorkelsson  
Oddur Árnason  
Björn Ingi Jónsson  
Fjóla Einarsdóttir  
Pétur Pétursson  
Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Ásta Stefánsdóttir formaður setur fundinn og býður fólk velkomið.

1. **Magnús Tumi, jarðeðlisfræðingur og prófessor við HÍ, fjallar um eldfjallavirkni.**  
Magnús kynnti síðuna [icelandicvolcanoes.is](http://icelandicvolcanoes.is) þar sem hægt er að sjá raunstöðuna á eldfjöllum á Íslandi.  
Virkar eldstöðvar á Íslandi eru flestar á Suðurlandi; Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslum.  
Magnús fór yfir sögu stórgosa á Íslandi auk gosa síðustu 100 árin og bar saman stærð þeirra.  
Stærsta gosið var í Öräfajökli 1362 og því eru menn alltaf á tánum þegar Öräfajökull minnir á sig.  
Líklegustu eldstöðvar til að gjósa á næstu árum eru: Grímsvötn, Hekla, Katla og jafnvel Öräfajökull..
2. **Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu og framkvæmdastjóri Almannavarna Árnæssýslu fjallar um hlutverk BÁ vegna almannavarna og gróðurelda.**  
Pétur fór yfir stöðu slökkviliðsstjóra innan Almannavarna, hvert hans hlutverk er sem framkvæmdastjóri.

Gróðureldar hafa verið áberandi í fyrirlesturum og fræðslu hjá BÁ.

BÁ tók m.a. þátt í gerð síðunnar grodureldar.is  
Pétur talaði um ástandið í Árnæssýslu, sérstaklega með tilliti til hjólhýsasvæða.  
Umræður um ástand sem gæti skapast á tjaldsvæðum þegar margir koma saman.  
Fundarmenn voru sammála um að reyna að stemma stigu við þá hættu sem upp getur komið  
og vinna saman í þeim efnum, bæði sveitarfélög, brunavarnir og lögregla.

3. **Sólveig Þorvaldsdóttir, starfsáætlun AÁ**

Sólveig kynnti starfsáætlun AÁ 2019-2020

4. **Erindi frá Veðurstofu Íslands, framsent frá Sveitarfélaginu Árborg**

Ásta kynnti erindi sem framkvæmdaráð AÁ fékk framsent frá Svfél Árborg varðandi aðkomu  
Árborgar að fjármögnun verkefnisins: Áhættumat vegna jökulhlaupa til vesturs og suðurs  
samfara eldgosum úr eldstöðvakerfi Bárðarbungu.

Framkvæmdaráðið lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ráðið samþykkir að hafna erindinu og mælist til þess að áfram verði haldið þeirri vinnu sem  
þegar hefur verið hafin og miðar að stofnun Hamfarasjóðs er taki til allrar tegundar náttúruvár.  
Sjóðurinn myndi þá kosta gerð hættumats og koma að fjármögnun verkefna er lúta að öryggi  
landsmanna. Með því móti myndu íbúar og sveitarfélög landsins allir sitja við sama borð óháð  
eðli þeirrar náttúruvár sem yfir vofir.“

Fundamenn samþykktu þessa bókun samhljóða.

5. **Fundargerðir framkvæmdaráðs AÁ og fjárhagsáætlun 2020**

Ásta kynnti fundargerðir framkvæmdaráðs og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

6. **Breytingar á samþykkt AÁ.**

Ásta kynnti breytingar á samþykkt Almannavarna Árnæssýslu. Sveitarfélögin þurfa, hvert og  
eitt, að samþykkja þær samþykktir.

7. **Erindisbréf framkvæmdastjóra AÁ**

Ásta kynnti erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra AÁ

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:53.